

Árið 2021 er fimmta heila rekstrarár Hnefaleikasambandsins. Iðkendum innan vébanda HNÍ hefur verið að fjölga ár frá ári og erum við að sjá rúmlega 40% aukningu í iðkendafjölda frá 2019 til 2020 og voru 2114 iðkendur skráðir á árinu.

Árið 2021 byrjaði rólega eins og 2020 endaði vegna Covid. Það rættist þó úr árinu og var nóg um að vera í starfsemi.

Í upphafi árs 2021 hóf nýr starfsmaður á skrifstofu, Viktoría Berg störf í 30% starfshlutfalli. Starfshlutfall hennar var síðan aukið í 50% stöðu sökum meiri umsvifa og fleiri verkefna og hefur það gefist vel.

Á árinu var fyrsti landsliðsþjálfari sambandsins, Kolbeinn Kristinsson, ráðinn til starfa og hóf hann störf fyrir sambandið um sumarið. Í kjölfar ráðningar Kolbeins var fyrsta landslið sambandsins klárt og komið af stað. Því má segja að grunnurinn að afreksmálum sé vel á veg kominn og er í sífelldri þróun og bind ég vonir við að á komandi tímum verði sambandið komið á þann stað að geta sótt um aðild að því að vera flokkað sem afrekssamband B hjá ÍSí. Ný afrekss Stefna sem lögð verður fyrir á ársþinginu leggur enn frekar grunninn að því.

Þrátt fyrir takmarkanir vegna Covid var töluvert um mótahald á árinu 2021 bæði innanlands sem erlendis. Á árinu 2021 keppti Emin Kadri á tveimur stórmótum fyrir hönd Íslands, annarsvegar á HM ungmenna í Póllandi í apríl og hinsvegar Evrópumóti undir 22 ára á Ítalíu.

Hnefaleikasambandið styrkir nú landsliðsfólkið sitt við þátttöku í erlendum keppnisferðum og voru þeir styrkir vel nýttir, meðal annars fór fjölmennur hópur Íslendinga á Hilleröd box cup sem haldið er í Hilleröd í október ár hvert. Þar kepptu flest allir úr landsliði Íslands ásamt fleirum og stóðu sig öll með þryði og voru hnefaleikum á Íslandi til sóma.

Í lok maí voru æfingabúðir fyrir hæfileikamót haldnar á Hvammstanga fyrir krakka á aldrinum 12-16 ára. Æfingabúðir þessar tókust mjög vel og stefnt að framhaldi á slíkum æfingarbúðum.

Stefnt var að því að fara með landsliðshóp ásamt öðrum úr afrekshópi HNÍ í æfingabúðir og mót til Danmerkur í byrjun árs 2022 sem féll því miður niður sökum Covid. Á móti voru Danir tilbúnir að koma í æfingaferð til Íslands í febrúar 2022. Þær æfingabúðir gengu mjög vel og leggur góðan grunn að samstarfi Íslands og Danmerkur í uppbyggingu á ungu og efnilegu hnefaleikafólki. Stefnt er að því að þetta verði að lágmarki árlegur viðburður.

Í ársbyrjun 2022 keppti Elmar Freyr A-landsliðsmaður á Tammer í Tampere á Finnlandi. Covid setti sitt strik í reikninginn þar sem upprunalega voru um 200 boxarar skráðir til leiks en endaði þátttakendafjöldinn í um 50.

Ég tel uppbyggingu landsliðs og afrekliðs vel á veg komna en ljóst er að mikil vinna er framundan til að halda áfram þeirri vegferð sem hafin er og hlakka ég til að fylgjast með því starfi vaxa með það að markmiði sjá okkar fólk komast í fremstu röð hnefaleikakappa á heimsvísu á næstu árum.

Mótahald á árinu gekk vel eins og fram hefur komið. Á árinu 2021 voru haldin þrjú bikarmót, minningarmót Guðmundar Arasonar, Íslandsmeistaramót og tvö önnur ólympísk mót. Í heildina voru því sjö ólympísk mót ásamt fimm diplomamótum.

Fyrri part ársins voru haldin tvö ólympísk mót, þar setti Covid strík í reikninginn eins og áður. Minningarmót Guðmundar Arasonar var haldið í annað sinn og gekk mjög vel. Sumarið fór að miklu leyti í undirbúning vegna bikarmótaraðar Hnefaleikasambandsins og var fyrsta bikarmótið haldið í september. Bikarmótaröðin gengur þannig fyrir sig að skipt er í flokka í byrjun árs og vinna aðilar að því að safna stigum innan síns flokk yfir árið ásamt því að safna stigum fyrir lið sitt. Í lok tímabils er síðan bikarmeistari í hverjum flokki krýndur ásamt sigursælasta liðinu. Við teljum að með þessu nýja fyrirkomulagi þ.e. að keppt verði oftar og mót verði fyrirsjáanlegri yfir árið þá náist virkara starf. Mín upplifun er sú að það sé að takast þar sem fjölmargir aðilar hafa verið mjög virkir í keppni og er sá árangur farinn að sýna sig.

Byrjað var á því að streyma öllum ólympískum mótum sambandsins og hefur það gengið vonum framar. Við sjáum stöðuga fjölgun á áhorfi, ásamt því að hnefaleikar hafa fengið umfjöllun í kvöldfréttum RÚV tvisvar og teljum við að þessir tveir þættir hafi aukið umfjöllun um sportið á Íslandi.

Á árinu voru þrjú námskeið haldin, eitt fyrir dómara í ólympískum hnefaleikum þar sem tveir mjög reyndir dómara frá Danmörku komu og miðluðu sinni reynslu snemma á árinu 2022, eitt fyrir dómara í diploma hnefaleikum og þjálfaranámskeið fyrir diploma þjálfara. Öll námskeiðin gengu mjög vel og er árangur þeirra strax farinn að skila sér. Stefnt verður að því að halda regluleg námskeið fyrir dómara og þjálfara á næstunni. . Unnið er að því að koma af stað sérhæfðri þjálfaramenntun sambandsins og er vonast til að fyrsti hlutinn verði tilbúinn að fyrir haustið 2022.

Árið 2021 lauk með lokahófi HNÍ þar sem fyrstu bikarmeistarar voru krýndir ásamt því að sigursælasta lið ársins fékk viðurkenningu sem var Hnefaleikafélag Reykjavíkur. Á því lokahófi var Hnefaleikafólk ársins heiðrað, þau Hildur Kristín Loftsdóttir og Mikael Helgason. Bæði áttu þau heiðurinn svo sannarlega skilið og verður gaman að fylgjast með þessum efnilegum einstaklingum á næstu árum.

Hið árlega hnefaleikaping var haldið að vanda í lok maí í Laugardalnum. Ný stjórn var kosin. Baldur Hrafn og Steinunn Inga voru kvödd úr stjórninni og eru þeim þökkúð góð störf. Marta María og Margrét Guðrún komu í þeirra stað og boðnar hjartanlega velkomnar. Engar breytingar voru gerðar á lögum sambandsins.

Gaman er að nefna að mikil vinna fór í undirbúning á norðurlandamótinu sem haldið var um síðustu helgi. Mótið gekk vonum framar í skipulagningu og hefur Ísland sýnt og sannað að við erum vel í stakk búin að halda fleiri stórmót hér á landi.

Að lokum þá langar mig að þakka kærlega fyrir samvinnuna undanfarin ár. Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér aftur til formanns en vona að sú vinna sem ég hef lagt til sambandsins og þær breytingar sem ég hef staðið fyrir muni koma til með að nýtast komandi stjórnnum vel og óska ég þeim góðs gengis og þakka kærlega fyrir mig.